

EFTIRLITSSKÝRSLA



UMHVERFISSTOFNUN

Sorpurðunarstaður Breiðdalshrepps Sorpurðun Breiðdalshrepps á Heydalum

Dags eftirlits	19.8.2015	Fulltrúi UST	Hákon Hansson
Fyrirtæki	Sorpurðunarstaður Breiðdalshrepps	Fulltrúi UST	
Heimili	Selnesi 25	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4801690779	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Baldursson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í eftirlitsferð 19. ágúst 2015. Umgengni um urðunarsvæðið er góð og búið er að bæta úr öllum þáttum, sem nefndir voru í niðurstöðu eftirlits ársins 2014.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 786/1999 um mengunaryarnaefirlit, með breytingum og í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Gengið var um urðunarsvæðið og næsta nágrenni, einkum sunnan og austan við urðunarstaðinn. Eftirlit utan girðingar var til að meta fok frá svæðinu.

Urðunarsvæði er hulið jarðvegi, sem grafinn hefur verið upp á svæðinu.

Urðunarsvæðið er snyrtilegt og úrgangur urðaður jafnóðum. Lítið sem ekkert varð vart við rusl af völdum foks í nágrenni urðunarstaðarinnar. Fundað var með Hermanni verkstjóra í áhaldahúsi Breiðdalshrepps að eftirliti loknu, en hann annast umsjón urðunarstaðarinnar. M.a. rætt um framkvæmd urðunar og verklag sem og kröfur um skráningar. Einnig um mengunarmælingar.

Að fullu hefur verið lokið við að girða svæðið umhverfis urðunarstaðinn.

Ábyrgðartrygging skv. lið 4.5 í starfsleyfi yfirfarin og staðfest.

ATHUGASEMDIR

Í lið 3.2 í starfsleyfi er fjallað um eftirlitsmælingar. Þar segir m.a.: Rekstraraðili skal hafa samráð við eftirlitsaðila um staðsetningu og útfærslu sýnatökuaðstöðu. Urðunarstaðurinn er þurr, þannig að við urðun verður aldrei vart við grunnvatn. Á fundi eftir eftirlit kom fram að ekki hefur enn verið útbúinn sýnatökustaður þannig að hægt yrði að framkvæma mengunarmælingar sumarið 2015 eins og fram kom í athugasemd 2014. Grafin hefur djúp hola fyrir sýnatökur, en hún reyndist þurr.

ANNAÐ

Ekki sást merki eftir vargugl.

Upplýsingar um magn úrgangs til urðunar árið 2014 hafa verið sendar með tölvupósti.

Reykjavík, 15.09.2015

Hákon Hansson

Hákon Hansson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.